

STÚTFULLT BLAÐ AF SKEMMTUN!

FS ER 40 ÁRA Í ÁR

FRÉTT & SPURT

BLAÐ FÉLAGSSTOFNUNAR STÚDENTA

FLOTT PLAKAT
Í MIÐOPNU!

ÞAÐ ER LEIKUR
AÐ LÆRA

STUDENTAR
TIL LIÐS
VIÐ AMNESTY



BOB DYLAN

Hitti

**SJÁLFAN
BOB DYLAN!**



FRÁ RÚSSLANDI
TIL REYKJAVÍKUR



**BÓKSALAN
ROKKAR!**



Halla Gunnarsdóttir

**KYNTIST LÍFI
KVENNA Í ÍRAN**



**HOLA Í HÖGGI
Í HÁMU!**



Dagný kaupir inn!



Alltaf á ferðinni
SJÁIÐ MYNDRNARI!



16
Liudmilu líkar vel á Íslandi



6
Hola í höggi í Hámu!



10
Björgvin Halldór hitti átrúnaðargoðið sitt óvænt



28
Halla Gunnarsdóttir fór óvart til Íran!



14
Dagný lét greipar sópa um hillur Bóksölnunnar



40
Vigdís Hrefna í heimsókn hjá mömmu



20
Stúdentar starfa fyrir Amnesty International



18
Arnar er Mammút á Mánagarði



4
Rokkarar að störfum í Bóksölu stúdenta

Tímarit Félagsstofnunar stúdenta, 1. tbl. 2008.
FS-blaðið er kynningarrit sem gefið er út af Félagsstofnun stúdenta.
Ritstjóri: Magnús Björn Ólafsson. Ábm.: Rebekka Sigurðardóttir.
Auglýsingar: Markaðsmenn ehf. Prentun: Litlaprent.



LIGGUR TÆKIFÆRIÐ ÞITT Á BORDINU HJÁ OKKUR?

Capacent Ráðningar sérhæfir sig í störfum fyrir einstaklinga með háskólamenntun. Til okkar leita öflugustu fyrirtæki landsins eftir fólki í hvers kyns störf. Við óskum eftir efnilegum útskriftarnemum á skrá fyrir mörg af áhugaverðustu fyrirtæki landsins.

Ef þú telur þig vera tilbúinn í slaginn fyrir nýtt og spennandi starf á fjölbreyttum vinnumarkaði, þá leitum við að þér. Fyrsta skrefið er að útbúa góða ferilskrá, skrá þig á heimsíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is, og senda ferilskrána til okkar.

www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR



Bóksala stúdentu
ROKKAR!

SVONA GANGA HLUTIRNIR FYRIR SIG

Pétur hafði Valgeir í stífri starfsþjálfun í allt sumar til að gera hann reiðubúinn fyrir annasama tíma í upphafi nýs skólaárs. Rokkararnir Pétur og Valgeir eru báðir bókmenntafræðingar að mennt.



VIÐ VILJUM ÞIG Í BÓKSÖLU STÚDENTA!
Þeir Pétur og Valgeir ábyrgjast góða og ákveðna þjónustu í Bóksölu stúdenta.

Bóksala stúdenta hefur löngum laðað að sér fjölda íslenskra tónlistarmanna og margir af frækjustu tónlistarmönnum þjóðarinnar tengjast henni tryggðarböndum. Þeir Jóhann Jóhannsson, meðlimur hljómsveitanna Ham og Apparat Organ Quartet, og Guðmundur Ingi Markússon, úr sveitinni Reptilicus, hafa báðir staðið á bak við búðarborðið og vert er að minnast þess að Bragi Ólafsson, Sykurmoli, er mágur Sigurðar Pálssonar rekstrarstjóra. Í dag vinna tveir ungir tónlistarmenn í Bóksölunni. Það eru þeir Pétur

Már Guðmundsson, trommari hljómsveitarinnar Skátar, og Valgeir Gestsson, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Jan Mayen. Frétt og spurt hitti Pétur og Valgeir og forvitnaðist um hina miklu tónlistararfleifð Bóksölunnar.

Slagararnir fæðast í Bóksölunni

„Innan íslenska tónlistarbransans þykir einfaldlega fint að vinna í Bóksölu stúdenta sökum hinnar miklu arfleifðar sem hún hefur að geyma,“ útskýrir Pétur. „Ég hef unnið hér í tæp þrjú ár og get hvergi annarstaðar hugsað mér að vinna. Ég hef unnið á bókasöfnum

og hef mjög gaman af því að vinna með bækur. Þetta er áhugaverðasta bókabúðin á landinu og út af fyrir sig er það alveg nóg til að halda mér herna. Ég held líka að Bóksalan, eins og Félagsstofnun stúdenta, hafi ótrúlega gott orðspor. Þetta er ekki einhver gróðamaskína.“

„Það eru líka svo margir sem neyðast til að versla við okkur því þeir eru í skóla,“ útskýrir Valgeir. „Það lá beint við að ég færi að vinna í bókabúð. Ég er búinn með bókmenntafræði í HÍ og að auki á ég tvær eldri systur sem hafa unnið hér og látið vel af þeirri reynslu. Ég hafði sótt um vinnu herna nokkrum

sinnum áður en ég fékk hana loks í sumar. Þetta er ljúf vinna. Núna er lítið að gera þannig að ég fæ góðan tíma til að aðlagast áður en allt verður brjáláð þegar skólinn byrjar í haust.

Vinnan hentar mjög vel með rokklífínu. Áran í kringum bækurnar er svo fjölbreytt. Maður sér það greinilega þegar maður labbar um búðina að ára bókanna er mismunandi á litinn. Núna nálgast verslunarmannahelgin og þá kem ég mér fyrir hjá klínisku anatómíunni og anda að mér orkunn. Hér er alltaf rokk og herna fæðast bestu lögin mín.“

ALLTAF NÓG AD GERA
Steinunn Björk Eggertsdóttir er yfirmaður eldhússins í Hámu. Hún segir eftirspurnina meiri en búist hafi verið við í upphafi og hlakkar til að gera þjónustuna enn betri.

Vinna í Hámu!

Í Hámu starfa þrjár konur sem eiga það sameiginlegt að hafa verið máttarstólpar íslenska kvennalandsliðsins í golfi síðustu árin. Blaðamaður Frétt og spurt heimsótti Steinunni Björku Eggertsdóttur, liðsstjóra, og forvitnaðist um landsliðsstarfið og lífið á Háskólatorgi.

Margfaldir Íslandsmeistarar

„Auk þess að vera yfirmaður eldhússins í Hámu ber ég titilinn „liðsstjóri íslenska kvenna- og unglingslandsliðsins í golfi“ og hef borið þá nafnbót í fjögur ár,“ útskýrir Steinunn Björk, sem má vart vera að því að veita blaðmanni Frétt og spurt viðtal sökum anna. „Ég hef spilað golf síðan 1989 og fór snemma að skipta mér af unglingsstarfinu í golfklúbbum. Sjálf átti ég stelpur sem stunduðu

íþróttir og vildi því taka þátt í að byggja upp æskulýðsstarf. Það hófst með því að ég var kjörin formaður unglingsnefndarinnar í golfklúbbum mínum. Síðar eignuðumst við mjög frægt stúlkna- lið þar sem voru fimm rosalega góðar stelpur sem unnu flestalla titla í barna- og unglingsflokkum. Málin æludust þannig að ég fór að ferðast með þeim og sjá svolítið um þær og þeirra keppnismál. Tvær þeirra, þær Helga Rut Svanbergsdóttir og Nína Björk Geirsdóttir sem nú starfa með mér í Hámu, voru hluti af landsliðinu þannig að ég fór úr því að vera liðsstjóri þeirra í að vera liðsstjóri landsliðsins. Helga ákvað reyndar nýlega að hætta í landsliðinu og Nína er nýfarin í barneignarfrí. Nína vann alla titla í fyrra og átti mjög gott ár. Hún varð Íslandsmeistari kvenna bæði í

einstaklings- og liðaflokki auk þess sem hún varð stigameistari. Hún hafði í nógu að snúast því á sama tíma stundaði hún laganám og vann í Hámu.“

Starfsfólkið er stórhuga

„Það hefur verið brjáláð að gera í sumar og við höfum séð um mat fyrir margar stórar ráðstefnur. Þessi fyrsti vetur hefur verið einskonar lærdómstímabil og við verðum að átta okkur á hvernig eftirspurnin er á mismunandi tímabilum; hvernig þetta er á veturna þegar allir stúdentarnir eru í skólanum, hvernig aðsóknin er þegar prófin byrja og hver eftirspurnin er á sumrin. Við erum því enn að aðlagast og læra. Það verður fróðlegt að sjá hvernig haustið verður en viðtökurnar hafa hingað til verið framar okkar björtustu vonum.

Við höfum reynt að laga matseðilinn að kröfum viðskiptavinanna. Við afgreiðum heitan mat í hádeginu en erum einnig með fjölda rétta í kælum sem m.a. má hita, eins og núðlur, bökur og sælkerasamlukur. Við erum stórhuga og ætlum að gera meira og vinnum að því að framleiða meira sjálf og auka úrvalið. Það er mikil eftirspurn og miklu meira að gera en við reiknuðum með. Við höfum einnig verið að framleiða fyrir Kaffistofur stúdenta og stefnum á að auka þá framleiðslu enn frekar. Ég hef mikinn metnað fyrir því að við búum til matinn sjálf. Þá vitum við nákvæmlega hvaða hráefni fer í matinn,“ segir Steinunn að lokum og rykur í burtu til að sinna hungrið viðskiptavinunum.

ÓTTAKONUR



SAMHELDNAR
Golfíþróttin hefur tengt þær Nínu, Steinunni og Helgu sterkum böndum. Steinunn er ekki einungis liðstjóri í golfinu því hún er yfirmaður eldhússins í Hámu og stýrir þar málum eins og sannur leiðtogi.



SIGURSÆLAR!
Þær Nína Björk Geirsdóttir, Helga Rut Svanbergsdóttir og Steinunn Björk Eggertsdóttir urðu Íslandsmeistarar í sveitakeppni kvenna árin 1998 og 2001. Nína og Helga urðu einnig Íslandsmeistarar 2007.



ÖRUGGAR Í AFGREIDSLUNNI
Þær Helga og Nína njóta leiðsagnar Steinunnar jafnt innan vallar sem utan og liðsandinn leynir sér ekki á vinnustaðnum.



MEISTARARNIR VINNA Í HÁMU!
Steinunn Björk Eggertsdóttir (fyrir miðju) er liðsstjóri íslenska kvennalandsliðsins í golfi. Helga Rut Svanbergsdóttir (til vinstri) er margfaldur Íslandsmeistari í unglingsflokkum, bæði í einstaklings- og í liðakeppnum og Íslandsmeistari kvenna í holukeppni 2003. Nína Björk Geirsdóttir er margfaldur Íslandsmeistari í unglingsflokkum, bæði í einstaklings- og liðakeppnum og núverandi Íslands- og stigameistari kvenna.

HVERJIR VORU Á HÁSKÓLATORGI?

Hið nýja Háskólatorg hefur heldur betur slegið í gegn og er nú orðið einn af heitustu stöðum bæjarins. Þrátt fyrir að fáir hafi verið í skólanum í sumar var alltaf fullt á torginu og um miðjan ágúst sást **Kjartan Guðjónsson** leikari sitja dag eftir dag í sólbaði fyrir framan Háskólatorgið. Einnig sást til fjölda annarra leikara, þ.á.m. **Ilmar Kristjánsdóttur** að háma í sig Hámumat, **Magnúasar Jónssonar**, sem einnig er helmingurinn af dúettinum BB&Blake, **Þóru Karítasar** og **Rúnars Freys Gíslasonar** sem klæddur var í örstuttan kjól í sjóræningjastíl.

Þór Jakobsson veðurfræðingur virtist ekkert vera að spá í veðrið þegar hann rólta með afkomendum sínum um húsið seint í ágúst en **Freyr Eyjólfsson**, Geirfugl og útvarpsmaður, naut blíðunnar um leið og hann tók viðtal við fræðinga fyrir utan húsið. Hann hefur líklega ekki átt í vandræðum með að finna viðmælendur því um 1.000 helstu eldfjallafræðingar veraldar voru að funda á svæðinu þ.á.m. **Ragnar skjálfti**. Eldfjallaráðstefnunni lauk sama dag og Íslendingar og Spánverjar léku í undanúrslitum í handbolta á Ólympíuleikunum. Töku hinir erlendu gestir fullan þátt í gleði Íslendinganna sem hópuðust fyrir framan sjónvarpskjáinn á torginu.

Skömmu eftir að enn einn borgarstjórnarmeirihlutinn sprakk sást **Stefán Jón Hafstein** í Bóksölu stúdenta, dauðfeginn að hafa tekið sér frí frá borgarstjórn til að sinna þróunarmálum. Um svipað leyti sást til **Jóns Baldvins Hannibalssonar** og fylgdi honum hópur ungra stjórn málafræðinema. Um leið og búið var að stilla námsbókum haustsins fram í búðinni hófu stúdentar að streyma í hús. Þeirra á meðal voru **Finnur Beck** fréttamaður, **Haukur Ingi** fótboltamaður kærasti **Ragnhildar Steinunnar** Kastljóssstjórnu, útvarpskonan og Eurovisonsöngkonan **Heiða í Unun** og **Eva María Jónsdóttir**, útvarpsþula, meistaranemi og væntanlegur Gettu betur spyrill.



Freyr Eyjólfsson



Jón Baldvin



Ilmur Kristjáns



Heiða



Eva María



Rúnar Freyr



Kjartan Guðjóns



Þóra Karítas



Þór Jakobsson



Stefán Jón

Björgvin Halldór Björnsson fékk óskina uppfyllta!

HITTI BOB DYLAN!

FÉKK EIGINHANDARÁRITUN FRÁ ÁTRÚNAÐARGOÐINU!

Björgvin er stoltur af árituðu plötunni sinni. Hann er einn fárra Íslendinga sem Dylan hafði samskipti við þegar hann spilaði fyrir landann í vor.



Fékk áritun hjá goðinu!



Dylan gerir uppvaskið unaðslegt „Dylan gerir allt skemmtilegra. Maður setur bara plötu á fóninn og nýtur þess að vera til,“ segir Björgvin sem hlustar alltaf á Bob Dylan þegar hann vaskar upp.

Björgvin Halldór Björnsson, nemi í lögfræði við HÍ, fékk ósk sína uppfyllta í sumar er hann hitti sjálfan Bob Dylan. Frétt og spurt hitti Björgvin á heimili hans á stúdentagördunum við Eggertsgötu og forvitnaðist um tildrög þessa merka fundar.

„Þetta var alveg ótrúlegt. Ég er mikill Dylan-maður og fæ enn í magann þegar ég hugsa til þessa dags,“ segir

Björgvin hugfanginn. „Þetta var 28. maí, kvöldið eftir tónleikana frábæru í Laugardalshöll. Ég var staddur hérna fyrir utan á Eggertsgötunni þegar glæsilegri BMW bifreið með skyggðum rúðum var ekið hægt upp að gangstéttinni þar sem ég var á rölti að rifja upp tónleikana. Bifreiðin staðnæmist fyrir framan mig, rúða rennur niður og í ljós kemur andlit meistara Bobs Dylan! Mér fannst einhvern veginn fyrst að mig væri að dreyma og var lengi



HORFÐI Á EFTIR DYLAN!

Björgvin sat úti á svölum og horfði á einkapotu Bobs Dylan taka á loft frá Reykjavíkurlflugvelli en útsýnið frá Eggertsgötu er einstaklega fallegt.



SPILAR BARA DYLAN
Björgvin Halldór er hæfileikaríkur gítarleikari og grípur oft í hljóðfærið til að dreifa huganum. „Ég spila eingöngu lög eftir Bob Dylan. Það kemst einfaldlega enginn með tærnar þangað sem hann hefur hælana.“

HVERGI BETRA AÐ SLAKA Á
Björgvin segir að andrúmsloftið á stúdentagörðunum við Eggertsgötu sé einstaklega þægilegt.



FS á og rekur stúdentagarða fyrir stúdenta við HÍ. Leigueiningar eru 731 en íbúar um 1.200. Húsnæði á Görðum er af ýmsum stærðum og gerðum. Flestar íbúðirnar eru á stúdentagarðasvæðinu á Háskólalóðinni en 96 íbúðir eru á Skuggagörðum í miðbænum. Stefna FS er að halda uppbyggingu stúdentagarða áfram þar til allir stúdentar sem kjósa að búa á görðum eiga þess kost. Sótt er um á vefnum www.studentagardar.is.

að ná áttum. Meistarinn brosti bara og sagði: „My driver is lost. Can you give us directions to the airport?“ Mér brá svo mikið að ég gleymdi því næstum hvar flugvöllurinn er staðsettur en náði síðan að leiðbeina honum á rétta braut. Dylan var þolinmóður, brosti allan tímann og var einstaklega almennilegur. Þótt ég væri ringlaður náði ég að biðja hann um eiginhandararitun og hann sagði að það væri alveg sjálfsgagt mál. Hann

beið meira að segja á meðan ég hljóp og náði í uppáhaldsplötuna mína upp í íbúð. Þótt ég hlypi í einum blóðspreng fannst mér tíminn vera svo lengi að líða að ég var viss um að hann myndi ekki nenna að bíða eftir mér. En hann var þarna ennþá þegar ég kom til baka og var ótrúlega sáttur við að ég skyldi láta hann árita „Oh mercy“ plötuna sem er stórlega vanmetin. Síðan sagði hann bara „Thanks, take care“ og var horfinn.“

Útsýnið setti punktin yfir i-ið

„Þegar við Dylan höfðum kvaðst stóð ég lengi í sömu sporunum og reyndi að átta mig á því sem hafði gerst,“ segir Björgvin. „Þegar ég náði loks áttum ákvað ég að binda endi á frábært kvöld með því að fara upp í íbúð, hlusta á „Oh mercy“ og horfa á eftir einkapotu meistarans. Frá íbúðinni minni hef ég útsýni yfir allan Skerjafjörðinn. Ég fór út á svalir og sat þar í sælli leiðslu og hlustaði

á söng meistarans. Þegar ég horfði á eftir vélinni fljúga út í buskann hljómaði lagið „Where teardrops fall“: „Far away where the soft winds blow, Far away from it all, There is a place you go, Where teardrops fall.“ Þetta var í senn undarlegasta og besta kvöld ævi minnar, eitthvað sem maður segir barnabörnunum seinna,“ segir Björgvin og hlær.

Kíkt í innkaupakörfuna hjá Dagnýju Jónsdóttur



EITTHVAÐ FYRIR ALLA!

Í Bóksölu stúdenta má finna fjölda gersema við allra hæfi. Dagný er nýbökuð móðir og valdi bókina um Stúf handa dóttur sinni.

NÝTUR FJÖ

Miklar breytingar hafa orðið á lífi Dagnýjar Jónsdóttur síðustu misserin. Í fyrra hætti hún þingmennsku og leitaði á ný mið. Í viðtali við Frétt og spurt ræðir Dagný um móðurhlutverkið, háskólanámið og skilnaðinn við þingheim.

„Ég tók þá ákvörðun haustið 2006 að hætta á þingi í bili,“ segir Dagný. „Mig langaði á þeim tímapunkti að ljúka náminu og einbeita mér að öðrum hlutum. Ég gifti mig á síðasta ári og eignaðist dóttur sem kom í heiminn á Þorláksmessu. Þetta er mikil breyting á lífinu og hafði eitthvað að segja um

ákvörðun mína um að taka pásu frá pólitíkinni. Þingmennska er ekki mjög fjölskylduvænt starf. Ég vildi ekki eiga barn, reka tvö heimili, eitt í Reykjavík og eitt fyrir austan, og vera á sífældum þvælingi. Alla vega ekki fyrst um sinn meðan maður er að venjast þessu nýja hlutverki. Mér finnst að sumir mættu gera meira ráð fyrir börnunum sínum í tímaplaninu. Mig langaði að njóta fjölskyldulífsins og geri það nú. Ég hafði reyndar dálitlar áhyggjur af því að mér myndi dauðleiddast í fæðingarorlofinu og viðurkenni að oft hef ég kveikt á alþingisrásinni heima hjá mér. Ég sakna mest erilsins og

PASSAR PESSI?
Eftir að hafa fyllt innkaupakörfuna af bókum freistaðist Dagný til að skoða glæsilegt fataúrval Bóksölunnar.





FRÁBÆR ÞJÓNUSTA!
Starfsfólk Bóksölunnar er reynslu- og fróðleiksríkt og leggur sig ávallt fram við að aðstoða viðskiptavinum eftir fremsta megni.



Dagný naut þess að skoða úrvalið í Bóksölunni og bókina Frjáls eftir Ayaan Hirsi Ali endaði í innkaupakörfunni.

Keypti fullt í Bóksölunni!

ÖLSKYLDULÍFSINS

fólksins. Í þingmannsstarfinu er maður aldrei einn og er ávallt í hringiðunni. Flokksstarfið stunda ég enn en ég sakna fólksins úr kjördæminu mikið. Þaðan fékk ég hlýjar og góðar kveðjur. En síst sakna ég leikhússbragsins sem því miður einkennir oft og tíðum Alþingi. Fjölmiðlaumræðan snýst t.d. bara um fyrsta hálf tíma þings þar sem er upphlaup en lítið er fjallað um allar málefnalegu umræðurnar sem þar fara fram.“


Fagnar námslokum

„Ég hef loksins skilað lokarit-

gerðinni og útskrifaðist úr BA námi í íslensku í sumar. Mér leið hreinlega eins og tuttugu kílóum væri lyft af öxlum mínum þegar ég skilaði ritgerðinni. Ritgerðin fjallar um réttarstöðu íslenskunnar og vinnu við opinbera málstefnu. Ég bar Ísland saman við hin Norðurlöndin en hér er ekki kveðið á um réttarstöðu íslenskunnar í stjórnarskránni. Í lögum er víða minnst á íslenskuna en t.d. er hvergi kveðið á um að þingmaður eigi að tala á íslensku. Hingað til höfum við fylgt hefðum frekar en lagabókstaf

og höfum litlar áhyggjur haft af stöðu tungumálsins. Okkur hefur þótt sjálfsagt að allir tali íslensku en nú upplifum við það að þurfa að biðja um brauð á ensku úti í bakaríi. Á heimasíðum sumra útrásarfyrirtækja eru allar upplýsingar á ensku og árskýrslurnar eru jafnvel eingöngu á ensku. Það sama er uppi á teningnum í stjórnvísunni. Við fáum mikið af gögnum á ensku frá Brussel og það er alls ekki sjálfgefið að þau séu þýdd. Ég fann fyrir því í þingnefndum að við fengum óþýdd gögn á ensku

sem snertu þó íslenska stjórnvísun. Mér þykir því ástæða til að renna stöðum undir að allt skuli þýtt yfir á íslensku. Það virðist vera að myndast þverpólitísk samstaða um það, þannig að vonandi verður það gert fljótlega. Mér fannst mjög gaman að skrifa ritgerðina þegar ég hafði loksins tíma til þess. Ég var alltaf að reyna að krafsa í hana samhliða þingmannsstarfinu en mér varð lítt ágengt. Ég er því ánægð með að þessum kafla í lífi mínu sé lokið og lít björtum augum fram á við.“



STEFNIR Á
HÁSKÓLANÁM
Liudmila hefur
náð góðum tókum
á íslenskunni
og í framtíðinni
ætlar hún að
nema íslensku við
Háskóla Íslands

frá
RÚSSLANDI,
til
REYKJAVÍKUR



Lioudmila Khoudoba hefur unnið ýmis störf hjá Félagsstofnun stúdenta síðastliðin fjögur ár. Samkvæmt heimildum Frétt og spurt þykir hún einstaklega góður félagi og frábær starfskraftur.



YNDISLEGT SAMSTARFSFÓLK
Lioudmila segir að góður starfsandi og yndislegt samstarfsfólk séu helstu kostir þess að vinna hjá Félagsstofnun stúdenta.

FINNST GOTT AÐ BÚA Á ÍSLANDI!

Lioudmilu líkar ákaflega vel að búa á Íslandi en hún býr hér ásamt eiginmanni sínum og ellefu ára dóttur þeirra.



Lioudmila Khoudoba kemur frá Rússlandi. Hún hefur síðustu fjögur ár unnið ýmis störf hjá Félagsstofnun stúdenta og sér nú um daglegan rekstur kaffistofunnar í Læknagarði. Frétt og spurt ræddi við Lioudmilu og forvitnaðist um dvölinna á Íslandi, framtíðaráformin og störfin hjá FS.

„Ég kem frá Rússlandi en flutti til Íslands fyrir sex árum síðan,“ segir Lioudmila glöð í bragði. „Mágkona mín hefur búið á Íslandi í ellefu ár og fyrir nokkrum árum bauð hún manninum mínum að koma

í heimsókn. Hér fékk hann bæði vinnu og húsnæði og sendi því eftir mér og dóttur okkar sem heitir Angelína og er ellefu ára. Ég kem frá litlum bæ þar sem engu vinnu er að fá og líkar því mjög vel að búa á Íslandi. Þetta er mjög fallett land og fólkið er gott og vingjarnlegt.“

Stefnir á Háskólanám í íslensku

„Ég hef unnið hjá FS í fjögur ár. Ég kynntist Rebekku Sigurðardóttur, upplýsingafulltrúa FS stuttu eftir að ég kom til Íslands. Ég var þá í erfíðu og illa launuðu starfi hjá vinnuveitanda sem sagði launin nógu góð fyrir útlending. Rebekka

vildi hjálpa mér að koma mér betur fyrir á Íslandi og bauð mér vinnu hjá FS. Ég byrjaði að vinna við skúringar í Bóksölunni en síðan fór ég að vinna í leikskólanum Sólgarði. Mér finnst mjög skemmtilegt að vinna með litlum krökkum. Seinna fór ég að vinna á kaffistofunni í Háskólabíói og svo í Læknagarði. Þar stend ég vaktina ein, sem getur verið dálítið erfitt. En þar kemur þó mikið af ungu fólki sem talar við mig svo ég fæ æfingu í íslenskunni. Ég er mjög hamingjusöm í dag. Fólkið sem ég hef kynnst er gott og ég er mjög ánægð að vinna hjá FS því allir hafa reynst mér vel.

Ég ætla að búa á Íslandi áfram. Ég er í skóla að læra íslensku og seinna langar mig í Háskólann til að læra meira. Við fjölskyldan förum í langt og gott frí til Helsinki, Rússlands og Tyrklands í sumar. Það var gaman að fara heim til Rússlands að hitta vini og ættingja og frábært að njóta lífsins í Helsinki og Tyrklandi. Ég er vel úthvíld og tilbúin í haustönnina,“ segir Lioudmila að lokum.

Kaffistofur stúdenta eru staðsettar í Árnagarði, Eirbergi, Læknagarði, Háskólabíói, Odda og Öskju.

MAMMÚT OG MÁNAGARÐUR

VINSÆLL
Arnar hefur á
skömmum tíma
unnið hug og
hjörtu barnanna á
Mánagarði.




Krökkunum á Mánagarði fannst gaman að stilla
sér upp með Arnari.





UPP, UPP TIL SKÝJA
Starfsfólk Mánagarðs tekur
allt virkan þátt í leik og
starfi barnanna.



MÁNAGARÐUR er fyrir börn á
aldrinum eins til sex ára og er einn
af þremur Leikskólum stúdenta sem
FS rekur í stúdentagarðahverfinu við
Eggertsgötu. Mánagarður er í eigu FS
en sótt er um vistun hjá Leikskólum
Reykjavíkur. Aðrir leikskólar FS,
Sólgarður og Leikgarður eru eingöngu
fyrir sex mánaða til tveggja ára börn.
Sótt er um vistun á Sólgarði og
Leikgarði í gegnum heimasíðu FS,
www.fs.is.



Arnar Pétursson, gítarleikari hljómsveitarinnar Mammút, vinnur á leikskólanum Mánagarði. Frá því að Mammút vann músiktilraunir 2004 hefur hljómsveitin getið sér orð sem ein athyglisverðasta hljómsveit Íslands. Hún gaf út sína fyrstu plötu 2006 sem var samnefnd sveitinni en ný plata lítur dagsins ljós í þessum mánuði. Í viðtali við Frétt og spurt ræðir Arnar um tónlistina og lífið á Mánagarði.

Í fyrsta sæti á X-Dominos

„Tónlist hljómsveitarinnar hefur breyst dálítið frá því við byrjunum fyrst,“ segir Arnar. „Hún er orðin dálítið harðari núna, raunar svo

hörð að Óli Palli vildi ekki spila hana á Rás 2. Ég veit ekki hvort við fáum spilun á Rás 2 núna en það er búið að spila okkur mikið á X-inu og við áttum lag sem sat í fyrsta sæti á X-Dominos listanum í þrjár vikur. Í sumar lukum við upptökum á nýrri plötu sem nú er verið að hljóðblanda. Við vorum tæplega tvær vikur í stúdíói að taka upp plötuna. Flestir taka lengri tíma en við vildum drífa þetta af og mættum því vel æfð til leiks.“

Krefjandi en skemmtilegt starf

„Ég var að klára MH í vor og á næsta ári ætla ég að vinna áfram á Mánagarði. Vonandi get ég unnið hér fyrir hádegi og spilað á gítar eftir hádegi.

Ef ég spila bara á gítar sef ég hvort eð er til hádegis. Ég vil heldur koma hingað, vinna mér inn peninga og eiga góðar stundir með börnunum. Þetta er ótrúlega skemmtileg vinna. Maður fær í rauninni borgað fyrir að skemmta sér. Auðvitað er starfið krefjandi og erfitt en fyrir þá sem njóta þess að vera innan um börn er þetta frábært. Krakkarnir eru rosalega ánægðir með mig. Ég hafði bara unnið hérna í þrjár vikur áður en ég þurfti að taka mér sumarfrí til að sinna tónlistinni en náði að tengjast börnunum ótrúlega vel á þeim tíma. Það er gott að vinna fyrir FS. Starfsandinn er mjög góður og það er komið vel fram við mann. Ég er mjög sáttur.“

Raunvísindi til vara

„Ef ég get ekki unnið fyrir mér sem tónlistarmaður verð ég að hafa vara-plan. Ég hef ætlað mér að verða hitt og þetta um ævina. Ég hef farið í gegnum allan pakkann. En ég mun áreiðanlega leggja fyrir mig raunvísindi frekar en hugvísindi. Ég var á náttúrufræðibraut í MH og fer kannski í læknisfræði. Það er svo mikið af lækunum í kringum mig að áhuginn beinist þangað. Ég gæti líka hugsað mér að læra efnifræði eða efnavefræði. Það er allt opið, en næsta ár fer í að spila með hljómsveitinni, læra á klassískan gítar og vinna á Mánagarði auðvitað.“



GUNNAR KAREL MÁSSON, TÓNSMÍÐANEMI Í LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS.
 „Ég hef verið skráður félagi í Amnesty í nokkur ár. Mig langaði að taka virkan þátt í starfinu og koma boðskapnum áfram. Ég sótti um sumarstarf í gegnum Stúdentamiðlun. Fulltrúi Amnesty hringdi í mig og bauð mér í viðtal og í kjölfarið var eg ráðinn til starfa. Mér líkar starfið vel.“



SIGURLAUG SOFFÍA FRÍÐÞJÓFSDÓTTIR, LÖGFRÆÐINEMI.
 Það er mjög gaman að vinna fyrir Amnesty. Þetta er mjög gefandi starf sem veitir manni mikla reynslu. Ég fékk vinnuna í gegnum Stúdentamiðlun og er mjög ánægð með hana.

AMNESTY INTERNAT

Áslaug Einarsdóttir er rekstar- og kynningarstjóri Íslandsdeildar Amnesty International. Hún hefur haft í nógu að snúast síðustu misserin enda er sívaxandi starfsemi samtakanna víðfeðm. Í sumar vantaði samtökin sumarstarfsfólk og Áslaug vissi hvert hún átti að leita.

Stúdentar reynast vel

„Við höfum notað Stúdentamiðlun síðastliðin fjögur ár og höfum fengið flest alla starfsmennina okkar þaðan,“ útskýrir Áslaug. „Samstarfið hefur gengið afskaplega vel. Við höfum auglýst þar frá febrúar og fram í júní því stúdentar eru markhópurinn sem við viljum ná til. Við ráðum aðallega ungt háskólafolk sem vill vera í vinnu þar sem námið nýtist en hjá okkur starfar mikið af félags- og

hugvísindafólki. Við leitum að fólki sem er tilbúið til að sinna starfi sem það trúir á og hefur hugsjónir fyrir. Við sækjumst eftir drifandi og opnum einstaklingum sem leggja metnað sinn í að hjálpa samtökunum að stækka á Íslandi. Hluti starfsins felst í að skrá nýja einstaklinga til liðs við samtökin. Við ráðum því fólk til starfa sem hefur ástríðu fyrir mannréttindum og stúdentar eru tvímælaust rétti hópurinn. Núna erum við með átta stúdenta í fullu starfi en hjá okkur starfar t.d. virkur mannfræðihópur sem sinnir aðgerðabeidnum og fræðslustarfi. Þar nýtast stúdentar sérstaklega vel.“

Fjölbreytt starfsemi

„Á Íslandi sinnum við ekki einstaklingsmálum vegna þess að starfsemi Amnesty er þannig að

við sinnum ekki málefnum í eigin landi. En við beitum þrýstingi til að tryggja að íslensk stjórnvöld fullgildi alþjóðasamninga, fari eftir mannréttinasáttmála Sameinuðu þjóðanna og leggi sitt af mörkum til að tryggja mannréttindi í heiminum. Við erum líka í samstarfi við önnur mannréttinasamtök á Íslandi og höfum t.d. tekið virkan þátt í Sextán daga áttakinu, við stöðjum gay-pride, höldum námskeið fyrir nýja félagar og sinnum upplýsingamiðlun til félagar svo þeir séu meðvitaðir um starfsemi samtakanna. Að auki leita fjölmiðlar til okkar og fá álit okkar á ýmsum málefnum því við höfum heimild til að bregðast við almennri umræðu um mannréttindamál á Íslandi. Um daginn var t.d. mikið fjallað um það hvort íslenska lögreglan ætti að bera taser-rafbýssur.

Þá leituðu fjölmiðlar til okkar og við gáfum út yfirlýsingu með tilvísun til þess sem Amnesty International hefur sagt um þetta tiltekna mál.“

Starfsemi utan landsteinanna

„Við erum í góðum tengslum við alþjóðaskrifstofuna í London og virkir félagar okkar fara reglulega á Amnesty-þing. Í sumar tókum við þátt í Riga-pride þar sem 200 Amnesty-félagar, víðs vegar að úr heiminum, gengu til stuðnings samkynhneigðum Lettum sem ekki gátu gengið sjálfir sökum ofsókna. Í göngunni voru eingöngu Amnesty-félagar og gagnkynhneigðir Lettar. Þannig geta samtökin á beinan hátt sýnt meðbræðrum sínum í útlöndum samstöðu,“ segir Áslaug að lokum.

Á vefnum www.studentamidlun.is fer fram miðlun atvinnu, húsnæðis, kennslu, námsbóka og lokaverkefna. Vefurinn er gagnvirkur, stúdentar sækja sér þjónustu milliliðalaust og fyrirtæki og einstaklingar leita að starfsfólki, leigjendum og lokaverkefnum í gegnum netið. Til viðbótar eru ýmsar hagnýtar upplýsingar á vefnum.

Nýtir sér
Stúdentamiðlun

IONAL

HÆST ÁNÆGD MEÐ
STÚDENTAMIÐLUN
Áslaug Einarsdóttir,
rekstar- og kynningarfulltrúi
Íslandsdeildar Amnesty
International, réði allt
sumarstarfsfólk Amnesty í
gegnum Stúdentamiðlun.



Heyrt og hlegið með Frétt og spurt!

Kona fór með manni sínum til læknis. Eftir að hann hafði verið rannsakaður talaði læknirinn einslega við konuna og sagði: Maðurinn þinn þjáist af mjög slæmum hjartasjúkdómi og skelfilegu stressi. Ef þú fylgir ekki leiðbeiningum mínum mun hann deyja. Á hverjum morgni skaltu búa til hollan og góðan morgunmat fyrir hann, þú skalt vera góð við hann og fullvissa þig um að hann sé í góðu skapi. Í hádeginu skaltu útbúa orkumikinn mat og í kvöldmat eldarðu fyrir hann ljúffenga máltíð. Ekki láta hann vinna heimilisverk eftir erfiðan dag. Ekki íþyngja honum með vandamálum þínum því það mun eingöngu auka stressið. Mikilvægast af öllu er að þið njótið ásta oft í viku og að þörfum hans sé fullnægt. Ef þú gerir þetta næstu 10 - 12 mánuði er ég viss um að hann mun ná sér fullkomlega. Á leiðinni heim spurði maðurinn konuna: Hvað sagði læknirinn svo? Þú ert dauðvona, svaraði konan.

Hjónakorn fóru í sumarfrí til Jerúsalem en svo illa vildi til að konan tók sótt og dó meðan á dvölinni stóð. Á sjúkrahúsinu var sagt við eiginmanninn: Það kostar 50.000 krónur að senda líkið heim en aðeins 5.000 krónur að jarða það hér í landinu

helga. Maðurinn hugsaði sig um en sagðist loks vilja fá líkið sent til síns heima. Hann var umsvifalaust spurður: Af hverju viltu eyða 50.000 krónum í að koma konu þinni heim þegar það er frábært að jarða hana hér og kostar aðeins aumar 5.000 krónur?

Maðurinn svaraði: Einhvern tíma dó nú maður hérna, var jarðaður hér, og þrem dögum síðar reis hann upp frá dauðum. Ég tek enga sénsa.

Opnberir starfsmenn eru margir hverjir óánægðir með nýtt netfangakerfi ríkisins. Notaðir eru 9 stafir, svo att-merkið og nafn viðeigandi stofnunar. Stafirnir 9 eru þrír fyrstu úr fornafni starfsmanns, svo þrír fyrstu úr föðurnafni/ eftirnafni og þar næst þrír fyrstu stafirnir úr starfsheiti. Rúnar Karlsson, sérfræðingur hefur sagt starfi sínu lausu.

Heilladísín sagði við hjónin: Þar sem þið hafið verið hamingju-samlega gift í 35 ár ætla ég að veita hvoru ykkar eina ósk. Eiginkonan sagði: Ég vil fara í heimsreisni ásamt mínum ástkæra eiginmanni. Heilladísín veifaði sprotanum sínum og á augabragði birtust tveir farseðlar.

Maðurinn hugsaði sig um í skamma stund og sagði svo: Þrátt fyrir að þetta sé rómantísk stund gefst svona tækifæri aðeins einu sinni á ævinni. Því miður mín kæra, ósk mín er að eiga konu sem er 30 árum yngri en ég. Konan varð að vonum vonsvikin en heilladísín veifaði töfrasprotanum: ABRAKADABRA og maðurinn varð undir eins 90 ára.

Maður nokkur hafði setið að drykkju á barnum heila kvöldstund. Þegar barþjónninn tilkynnti að verið væri að loka reyndi maðurinn að standa upp en datt strax á gólfið. Hann reyndi einu sinni aftur en með sama árangri svo hann ákvað loks að skríða út. Kannski myndi ferskt loft hressa hann við. Þegar út var komið reyndi hann að standa á fætur en datt í götuna og ákvað hann því að skríða heim. Þegar hann kom að útidyrhurðinni reyndi hann að standa upp en datt enn eina ferðina. Að lokum skreið hann inn í svefnherbergi og upp í rúm þar sem hann sofnaði. Morguninn eftir vaknar hann við að kona hans stendur yfir honum og segir: Þú hefur verið fullur enn eina ferðina auminginn þinn! Af hverju heldurðu það ástin mín? Svarar maðurinn og setur upp sakleysislegan svip. Það var verið að hringja frá barnum. Þú gleymdir hjólastólnum þínum!

HLJÓMSVEITIN HJALTALÍN

Í tilefni af 40 ára afmæli Félagsstofnunar stúdenta bjóða FS og Kaupþing stúdentum á stórtónleika í Háskólatorgi, fimmtudaginn 4. september kl. 16-18.

FRÉTT & SPIRT

STJARNAN





FÓR ÓVAR

BANNAÐ AÐ KOMA MEÐ NESTI!

Það er ekki til síðs að taka með sér nesti
að heiman og neyta þess á Mokka, frekar
en á öðrum íslenskum veitingastöðum.
HALLA GUNNARSDÓTTIR komst að
því að í Íran þykir það hins vegar ekki
tiltökumál.



RT TIL ÍRAN

Ungar konur spjalla í almenninggarði í Teheran. Teheran-búar njóta oft lífsins í almenninggörðum og eru mikið fyrir lautarferðir.



Halla í góðra vina hópi í fræðaborginni Qom en í baksýn eru minnisvarðar um unga menn sem féllu í stríðinu við Írak á níunda áratugnum.

Halla Gunnarsdóttir var ein þeirra sem hlaut verkefnastyrk FS í júní sl. Hlaut hún styrkinn fyrir meistara-verkefni sitt í alþjóðasamskiptum „Kynfast kerfi – rými kvenna í írönsku samfélagi“. Verkefnið fjallar um konur í Íran og áhrif klerkabyltingarinnar árið 1979 á líf þeirra. Í viðtali við Frétt og spurt ræðir Halla um lokaverkefnið og reynslu sína af persneskri menningu.

Heillaðist af landi og þjóð

Hvernig kviknaði hugmyndin um verkefnið?

„Ég fór óvart til Írans árið 2005,“ útskýrir Halla. „Ég var með delli um að fara til Kasakstan. Það er ekki hægt að fljúga beint þangað svo ég ákvað að fljúga annað hvort til Pakistans eða Írans. Flug til Írans var ódýrara svo ég bókaði það. En ég get verið svolíttill sauður og gerði ekkert í því að undirbúa Kasakstanferðina svo að einhvern veginn endaði ég á að vera í einn mánuð í Íran. Ég var

mjög illa undirbúin. Ég vissi lítið um landið, hafði óljósar hugmyndir um byltinguna og fyrir vikið fékk ég menningarsjokk; þetta var framandi staður og ég hafði fáa Vesturlandabúa til að ráðfæra mig við. En þegar menningarsjokkið var yfirstaðið varð ég afskaplega heilluð af landi og þjóð, sérstaklega konunum. Hægt og bitandi afsönnuðust fyrirfram gefnar hugmyndir mínar um íranskar konur og þegar ég kom heim fékk ég Íran nánast á heilann. Þegar ég hóf nám í alþjóðasamskiptum ákvað ég að fjalla eins mikið um Íran og ég hugsanlega gæti og reyndi að tengja flestar ritgerðir og verkefni sem ég vann við Íran.“

Klofin kvenréttindahreyfing

Halla segir að þær upplýsingar sem Vesturlandabúar fái um ástandið í Íran séu ekki alltaf í samræmi við raunveruleikann. „Það eru rosalega margir Íranar sem flúðu landið eftir byltinguna og búa nú í útlöndum,“ útskýrir hún. „Í Los Angeles er t.d. sérstakur menningarafkimi sem er

kallaður Teherangeles. Mikið af því sem við heyrum um Íran, hvort sem það eru fræðilegar heimildir eða reynslusögur, er vitnisburður fólksins sem flúði. Það þýðir að við heyrum nánast eingöngu sjónarmið þeirra sem fóru en ekki þeirra sem eru eftir í landinu. Hvað finnst þeim? Því meira sem ég las og rannsakaði því sannferðari varð ég um að ég yrði að fara til að læra meira. Ég fór því aftur til Írans í september og tók viðtöl við þrettán konur. Sumar þeirra voru trúaðar en aðrar voru aðskilnaðarsinnar sem aðhylltust aðskilnað ríkis og mosku, vildu klerkana burt og trúðu á veraldlegt vald. Það er mjög mikill munur á því hvernig konur í þessum tveimur hópum upplifa stöðu sína í Íran í dag. Kvenréttindahreyfingin er klofin í tvennt út frá tveimur kenningum um femínisma, annars vegar íslamskan femínisma og hins vegar veraldlegan, en ég kalla það yfirleitt afhelgunarfemínisma. Afhelgunarfemínistarnir urðu undir eftir byltinguna og finnst líf þeirra

hafa verið mun betra fyrir hana. Þetta eru oft menntaðar milli- og yfirstéttarkonur sem voru forréttindahópur í því samfélagi sem þær bjuggu í, en með byltingunni umpólaðist samfélagið og yfirstéttin tapaði miklu. Fyrir byltinguna voru trúaðar konur einangraðar frá „þessu síðspilla líði“ sem klæddist minipilsnum og drakk. Eftir byltinguna hafa þær mun fleiri tækifæri til vinnu og mennta. Mér fannst mjög sérstakt að sjá hagsmunaaárekstra þessara tveggja hópa.“

Hvað er frelsi?

Finnst þér þú hafa lært eitthvað um þína eigin menningu á þessu ferðalagi?

„Þegar ég fór fyrst til Íran var ég afskaplega upptekin af hugmyndinni um frelsi. Síðasta daginn minn í fyrri ferðinni sat ég á tehuísi með fjölskyldu þar sem við drukkum te og reyktum tóbak úr vatnspípu. Þá tekur ein konan upp döðlur, hnetur og annað nesti sem hún kom með að



Á rútustöð í Qasvin í norðurhluta Írans. Svartklæddu konurnar eru í svonefndum sjador sem konur sveipa um sig og halda saman með tönnum eða höndunum.

Allir stúdentar sem útskrifast frá Háskóla Íslands geta sótt um verkefnastyrki FS. Árlega eru veittir fjórir styrkir vegna BS- eða BA-verkefna. Að auki eru tveir styrkir veittir vegna meistara- eða doktorsverkefna. Markmið styrkveitinganna er að hvetja stúdenta til að skapa metnaðarfull lokaverkefni og koma þeim á framfæri og kynna frambærileg verkefni. Öllum stúdentum sem skráðir eru á hi-nem er sendur tölvupóstur sem inniheldur upplýsingar um umsóknarferlið en einnig má finna upplýsingar á heimasíðunni www.fs.is.

heiman. Ég varð ægilega stressuð því hér heima er bannað að koma með nesti á veitingastaði en svo komst ég að því að það er ekki bannað í Íran. Ég hafði hlakkað mikið til að komast til London þar sem ég átti að millilenda og gæti loks um frjálst höfuð strokið. Þar þyrfti ég ekki að vera með slæðu og gæti fengið mér kaldan bjór en í Íran er bannað að drekka áfengi. Þegar ég kom til London var það fyrsta sem blasti við mér skilti þar sem sagði að bannað væri að ganga vinstra megin. Á öðrum stað stóð: Bannað að ganga hægra megin. Á enn öðrum: Bannað að

ganga á færibandinu. Og: Bannað að standa á kerrunni sem þú setur töskuna þína á. Þær eru merkilegar allar þessar reglur. Eins og það yrði bara tóm kaos ef þetta væri ekki allt nefnt. Allir að hlaupa á færibandinu á flugvællinum og standa uppi á kerrum! Vinkona mín sótti mig svo út á völl og tók með sér bjór því við áttum lítinn pening. Við settumst á gólfíð, ég reif upp döðlur og við fórum að drekka bjórinn en vorum allan tímann með áhyggjur af því að einhver kæmi til að reka okkur burtu því auðvitað er harðbannað að sitja á gólfinu. Þá spurði ég

mig að því: Hvað er frelsi? Það hlýtur að vera eitthvað annað og meira en bara pólitískt frelsi. En þegar ég kom aftur til Íran og hóf rannsóknarvinnu þá upplifði ég miklu meira þessa beinu kúgun og hvernig það er að búa í ríki sem hreinlega drepur fólk ef það segir vitlausa hluti. Stundum upplifði ég að okkar frelsi er annars konar og það er frábært að búa í tiltölulega opnu og lýðræðislegu þjóðfélagi þar sem fólk getur sagt skoðanir sínar. Þegar kemur að réttindum kvenna má segja að það sé stigsmunur en ekki eðlismunur á stöðu kvenna á Íslandi og annars

staðar í heiminum. Konur eru kúgaðar alls staðar. Í Íran glíma konur hins vegar ekki aðeins við samfélagslegt misrétti heldur líka lagalegt og borgaralegt réttindi þeirra eru þar með takmörkuð.“

Mikil viðurkenning

„Það var ekki ókeypis að fara til Íran. Ferðalagið var dýrt og kostnaðurinn við verkefnið mikill því ég þyrfti að borga túlkum og standa í ýmsum öðrum fjárútlátum. Verkefnastyrkur FS hjálpaði mér mikið því hann mætti útlögðum kostnaði. Styrkurinn var mér að auki mikil viðurkenning.“



Í sól og sumaryll!



Namminamm!



Best að leggja sig bara!



Lautarferð



Kerrukrakkar á ferð og flugi!



Heilsað upp
á fuglana



Pant stýra!



Sjáið!



Fyrsti kossinn?



Krækt í aukabita

LITLIR FERÐALANGAR

**Pótt þau séu lítil þá láta þau
ekkert stoppa sig!**

Börnin á Sólgarði sitja ekki aðgerðalaus á meðan mamma og pabbi sitja sveitt og læra. Og þau geta ýmislegt þótt lítil séu! Í sumar nutu þau lífsins og gerðu eitt og annað sér til skemmtunar. Ljósmyndari Frétt og Spurt fékk að slást í hópinn þegar farið var í ævintýraferð í Húsdýragarðinn og niður að Tjörn.

Sólgarður er elsti leikskóli FS. Hann er staðsettur í stúdentagarðahverfinu við Eggertsgötu eins og aðrir leikskólar FS. Sólgarður er annar tveggja leikskóla sem FS rekur fyrir sex mánaða til tveggja ára börn stúdenta. Hinn er Leikgarður. Sótt er um vist á vefnum www.fs.is.



Taktu þátt!

**VERÐLAUNA
GETRAUN!**

Verðlaunagetraun Frétt og spurt!

1. verðlaun: Úttekt í Bóksölu stúdenta að verðmæti 20.000 kr.
2. verðlaun: Úttekt í Bóksölu stúdenta að verðmæti 10.000 kr.
3. verðlaun: Orðabók frá Bóksölu stúdenta.

Klipptu út svareðilinn, svaraðu spurningunum, skilaðu seðlinum í Bóksölu stúdenta fyrir 1. október og þú ert kominn í pottinn!

Svareðill. Skilist í Bóksölu stúdenta, Háskólatorgi, fyrir 1. október 2008

1. Hvað heita leikskólar FS sem eru fyrir 6 mánaða til tveggja ára börn? _____
2. Hver er liðstjóri íslenska kvenna- og unglíngalandsliðsins í golfi? _____
3. Hver fór til Íran? _____
4. Hvar er kaffistofan sem Lioudmila sér um? _____
5. Hvern hitti Halldór Björnsson laganemi? _____
6. Hvert leitar Amnesty til að fá starfsfólk? _____

Nafn:

Sími:

Netfang:

Verkefnastyrkur FS hefur verið veittur frá árinu 1991!

Styrkþegar Verkefnastyrks FS frá upphafi:

- Júní 2008**
Edda Björk Þórðardóttir
fyrir BA verkefni í sálfræði „Eftirfylgd á tíðni einkenna áfallastreituröskunar hjá þöndum snjóflóðsins í Súðavík 1995“.
- Jóna Sigríður Gunnarsdóttir og Rúna Guðmundsdóttir**
fyrir BS verkefni í hjúkrunarfræði „Sprautunotkun meðal fíkla á Íslandi: umfang, áhættuþegðun og forvarnir“.
- Ásta Rut Hjartardóttir**
fyrir meistarafræðni í jarðeðlisfræði „Sprungusveimur Öskju í Dyngjufjöllum“.
- Halla Gunnarsdóttir**
fyrir meistarafræðni í alþjóðasamskiptum „Kynfast kerfi - rými kvenna í írönsku samfélagi“.
- Febrúar 2008**
Ásdís Jóna Sigurjónsdóttir
fyrir BA verkefni í stjórnmálafræði “Eru tengsl milli kynferðis og árangurs í prófkjörum stjórnmálaflokka?”.
- Október 2007**
Málfríður Ómarsdóttir
fyrir BS verkefni í landfræði “Hörfunarhraði Skaftafellsjökuls eftir Litlu Ísöldina – samanburður tveggja fléttumælingaaðferða við aldursgreiningu jökulgarða”.
- Júní 2007**
Magnús Sigurðsson
fyrir BA verkefni í almennt bókmenntafræði „Ezra Pound og Söngvarnir frá Pisa“.
- Guðlaug Vilbogadóttir**
fyrir BA verkefni í fornleifafræði „...legsteininn springur og letur hans máist í vindum, ...“.
- Anna Guðný Sigurðardóttir**
fyrir meistarafræðni í lífefnafræði „Áhrif markvissra stökkbreytinga á hitastigsáðlögun VPR, subtilisín-líks serín próteínasa úr kuldakærri Vibrio-tegund“.
- Hrund Þórsdóttir**
fyrir meistarafræðni í blaða – og fréttamennsku „Barnabókin og fjölmiðlaumhverfi nútímans“ og barnabókina Loforðið.
- Febrúar 2007**
Arnþrúður Ingólfssdóttir
fyrir BA ritgerð í heimspeki „Í krafti margbreytileikans. Kenningar Iris Marion Young um stjórn málmismunarsins og lýðræði sem nær til allra“.
- Október 2006**
Sigurvin Jónsson
fyrir kjörsviðsritgerð til embættisprófs í guðfræði „Jesúhefðin og hin himneska sófa: Eðli og birting spekkinn í Jakobsbréfi, Ræðuheimildinni og gyðing-kristnum bókmenntum í ljósi hellenískra og gyðinglegra spekihefða“.
- Júní 2006**
Oddný Ósk Sverrisdóttir, BA í mannfærðum - Uppruni Inúíta skoðaður út frá tungumálarannsóknunum.
- Guðmundur Logi Norðdahl**, BS í líffræði - DNA breytileiki Pantophysin I gens hjá þorski (Gadus morhua) við Ísland.
- Sveinn Hákon Harðarson**, MS í líf- og læknávisindum - Súrefnismælingar og lyfjagjöf í augu.
- Febrúar 2006**
Gunnar Páll Baldvinsson, BA í stjórnmálafræði - *Próun Íslensku friðargæslunnar*.
- Október 2005**
Auður Magnús Leiknisdóttir BA í félagsfræði - *Bráðum kemur betri tíð – um viðhorf til jafnréttismála í upphafi 21. aldar*.
- Júní 2005**
Tvö MA verkefni voru jöfn að stigum
Silja Björk Baldursdóttir MA í uppeldis- og menntunarfræði - *Forvarnir Reykjavíkurborgar – hver er árangurinn? Mat á framkvæmd og árangri forvarnarstarfs á vegum Reykjavíkurborgar á árunum 1997-2004*.
Katrín Jakobsdóttir MA í íslenskum bókmenntum - *Ömurlegt íslenskt morð - Feður, synir og fjölskyldur í samfélagi Íslenskra glæpasagna*.
- Hilmir Ásgeirsson** læknisfræði - *Algengi sjálfsprottinnar vöðvaspennutruflunar á Íslandi*.
Andrea Ósk Jónsdóttir BA í heimspeki - *Hugmynd um háskóla. Um hlutverk og fjármögnun háskóla í nútíma þjóðfélagi*.
- Febrúar 2005**
Vilborg Davíðsdóttir, BA í þjóðfræði - „Prettánda í jólum þá fer allt af stað“: Rannsókn á þrettándasiðnum á Þingeyri og áþekktum grímu- og heimsóknasiðum á Íslandi.
- Október 2004**
Stefán Gunnar Sveinsson BA í sagnfræði - *Baráttan gegn auðvaldinu. Íslenskir sósíalistar, Bretland og Bandaríkin 1939 – 1946*.
- Júní 2004**
Jens Hjörleifur Bárðarson, MS í eðlisfræði - *Grid-Free Ground State of Molecules and Transport in Nanosystems*.
Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, BA í ensku - *Icelandic Substratum in Icelandic Canadians' English eða Íslensk áhrif í enskum framurði Vestur-Íslendinga*.
Sigurveig Gunnarsdóttir BS í lífefnafræði - *Algengi vetraróxyndis meðal blindra og sjónskertra Íslendinga*.
- Febrúar 2004**
Hilma Gunnarsdóttir, BA í sagnfræði - *Íslenska söguendurskoðunin. Aðferðir og hugmyndir í sagnfræði á áttunda og níunda áratug tuttugustu aldar*.
- Október 2003**
Ingibjörg Gunnarsdóttir, doktor í næringarfræði - *Næring og vöxtur snemma á lífsleiðinni – þáttur í forvörnum hjarta- og æðasjúkdóma. Tengsl milli fæðingarstærðar, vaxtar og næringar snemma á lífsleiðinni og áhættuþátta hjarta- og æðasjúkdóma*.
- Júní 2003**
Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, MA í félagsfræði - *Vændi meðal ungs fólks á Íslandi og félagslegt umhverfi þess*.
Davíð Rúðólfsson, BS í viðskiptafræði - *Árangur af verðmati fyrirtekja*.
- Febrúar 2003**
Yelena Yershova, MA í íslenskum bókmenntum - *Rýnt í myrkríð: Íslenskar lausavísur frá 1440 - 1550*.
- Október 2002**
Ríkey Hlín Sævarsdóttir, BS í jarðfræði - *Grunnvatn og vatnajarðfræði Skaftársvæðisins*.
- Júní 2002**
Jens Hjörleifur Bárðarson, BS í eðlisfræði - *Experimental observation of a nonlinear susceptibility X(2) induced in a thermally poled SiO2 bulk sample*.
- Kristján Rúnar Kristjánsson**, MS í eðlisfræði - *Cosmological Models and Renormalization Group Flow*.
- Febrúar 2002**
Óli Halldórsson, MA í umhverfisfræði - *Ákvarðanatáka um vernd og nýtingu náttúrunnar í íslenskri stjórnsýslu*.
- Október 2001**
Guðmundur Bergsson, MS í líffræði - *Örverudrepani áhrif náttúrulegra fituefna*.
- Júní 2001**
Ólöf Þórhallsdóttir, lyfjafræði - *Aukaverkanir og milliverkanir náttúruylfa, náttúruvara og fæðubótaefna*
Bryndís Valsdóttir, MA í heimspeki - *Einbjörn, Tvíbjörn..., síðferðileg umfjöllun um einræktun*.
- Febrúar 2001**
Árdís Elíasdóttir, BS í stærðfræði - *Nuclear Spin Conversion in CH3F Induced by an Alternating Electric Field*.
- Október 2000**
Ragna Garðarsdóttir, BA í sagnfræði - *Óleysanlegir fortíðarhnútar: Átök um minni og gleymsku í nútímaumræðu um afleiðingar gyðingauþrýminganna á nasistatímabilinu í Þýskalandi*.
- Júní 2000**
Drífa Kristín Þrastardóttir, BA í sagnfræði - *Skreytilist og sköpunargleði í kvæðahandritum frá 17. - 18. öld*.
Eyrún Kristína Gunnarsdóttir og Hinrik Sigurður Jóhannesson BA í sálfræði - *Ravens Progressive Matrices: Viðmið fyrir íslensk börn á grunnskólaaldri*.
- Febrúar 2000**
Árni Svan Danielsson, guðfræði - *Formálar Lúthers að biblíunni. Viðhorf Lúthers til heilagrar ritningar og hugmyndir hans um túlkun hennar*.
- Október 1999**
Gréta Björk Kristjánsdóttir, MS í jarðfræði - *Loftslags- og umhverfisbreytingar á Íslandi frá skriðjökultíma fram til nútíma í ljósi greininga á sjávarsetlögum af landgrunni Íslands*.
- Júní 1999**
Georg Lúðvíksson, rafmagns og tölvuverkfræði - *Greining punktamynda í DNA-himnum með aðstoð mjúkra reikniáðferða*.
Inga Dóra Sigfúsdóttir, MA í félagsfræði - *Skipulag og árangur á sviði vísinda- og þróunarstarfs á Íslandi í tengslum við opinbera stefnumótun*.
- Febrúar 1999**
Hrund Gunnsteinsdóttir, BA í mannfærðum - *Hið falda handrit - óformleg andspyrna í stríðinu í fyrrverandi Júgóslavíu*.
- Október 1998**
Sigrún Marta Böðvarsdóttir, BS í viðskiptafræði - *Mögulegur ávinningur túnfiskveiða*.
- Júní 1998**
Andri Stefánsson, MS í jarðfræði - *Efnaveðrun og efnarof á vatnasviði Laxár í Kjós og leysni og mettnarástand frumsteinda basalts í vatni*.
María J. Ammendrup, MA í félagsfræði - *Vinnuviðhorf Íslendinga*.
- Febrúar 1998**
Ekki úthlutað
- Október 1997**
Ragnheiður Hulda Proppé, BA í mannfærðum - *Konur og sjávarbyggðir*.
- Júní 1997**
Pétur Snæland, MS í verkfræði - *Tölvustudd vinnslustjórnun í bitavinnslu*.
Guðni Th. Jóhannesson, MA í sagnfræði - *Stuðningur Íslands við sjálfstæðisbaráttu Eyrstrasaltsríkjanna*.
- Febrúar 1997**
Benedikt Halldórsson, MS í verkfræði - *Áhrif jarðskjálfta á lagnakerfi*.
- Haut 1996**
Hilmar Björgvinsson, MS í heilbrigðisvísindum - *Starfsemi sléttu vöðva í berkjum lungna*.
- Vor 1996**
Sólveig Ingólfssdóttir, MS í matvælafræði - *Árstíðabundnar breytingar í þorskhöldi*.
Erlendur Smári Þorsteinsson, BS í stærðfræði og tölvunarfræði - *Dulmálsfræði*.
- Haut 1995**
Valdimar Tr. Hafstein, BA í þjóðfræði - *Hjólaskóflur og huldufólk - vegavinna á álagablettum*.
- Vor 1995**
Jónína Þorsteinsdóttir, guðfræði - *Alnæmi, kirkjan og AA*.
- Haut 1994**
Þóra Ragnheiður Stefánsdóttir, BA í uppeldis- og menntunarfræði - *Menntaáætlanir innan Evrópusambandsins*
- Vor og haut 1993**
Styrkur ekki auglýstur
- Haut 1992**
Ekki úthlutað
- Vor 1992**
Haukur Ingi Jónasson, guðfræðideild - *Alnæmi, síðferðileg álitamál og sálgæsla*.
- Haut 1991**
Kjartan Steinsson, viðskipta- og hagfræðideild - *Sjávarútvegur og EES*.

Vigdís Hrefna HEIMSÆKIR NÁMSRÁÐGJÖF

Vigdís Hrefna Pálsdóttir hefur vakið mikla athygli í íslensku leikhúslífi undanfarin misseri. Hún ákvað snemma að verða leikkona, þrátt fyrir að foreldrar hennar, Páll Baldvin Baldvinsson, bókmenntafræðingur, og Ragna Ólafsdóttir, sálfræðingur hjá námsráðgjöf HÍ, hafi reynt að beina henni á aðrar brautir. Frétt og spurt hitti mæðgurnar, Vigdís og Rögnu, á Háskólatorgi og forvitnaðist um uppvaxtarárin og leiklistina.

Vissi alltaf hvað hún vildi

„Í upphafi var ég ekki hrifin af því að Vigdís ætlaði sér að verða leikkona,“ segir Ragna og brosir kankvislega. „Hún var góður námsmaður og ég vann sem námsráðgjafi og vissi af öllu því spennandi námsframboði sem var til staðar. Ég hafði líka kynnst leiklistinni, afi hennar var leikari og ég átti vini sem voru í leikarastéttinni, og vissi að lífsbaráttan var dálítið erfið hjá mörgum leikurum og að ekki var á örugg mið að róa. Það var ákveðið óöruggi í leiklistinni, starfsöryggi lítið og þar sem maður vill börnunum sínum það sem þeim er fyrir bestu vildi ég beina henni inn á aðrar brautir. Ég vann árum saman við námskynningar og bað Vigdís á hverju ári sem hún var í menntaskóla að koma á þessar námskynningar. En hún færðist

alltaf undan og á endanum sagði hún við mig: Mamma mín þetta þýðir ekki neitt, ég er löngu búin að ákveða hvað ég ætla að verða og hef ekkert að gera upp í háskóla að skoða eitthvert nám sem ég ætla aldrei að leggja stund á. Þegar ég sá hversu mikil alvara var á bak við þetta hjá henni ákvað ég að hætta að þrýsta á hana og styðja hana þess í stað í því sem hún var búin að ákveða að gera.“

Mamma var ópolinmóður kennari

„Ég var eiginlega búin að ákveða að verða leikkona frá því ég man fyrst eftir mér,“ segir Vigdís. „Ég fór auðvitað í gegnum mismunandi skeið, ég átti t.d. hjúkubúning þegar ég var fjögurra ára, en leiklistin var alltaf það sem ég hafði áhuga á.“

„Við vorum kannski ekki að reyna að beina henni á neina ákveðna braut,“ útskýrir Ragna. „Við vildum hins vegar gæta þess að hún einblíndi ekki á eitthvað eitt og reyndum að auka víðsýni hennar og fá hana til að skoða fleiri möguleika.“

„Pabbi vildi að ég færi á stærðfræðibraut og svo í líffræði, eitthvað sem mér fannst algjörlega út úr kú.“

„Já, vill maður ekki börnunum sínum eitthvað annað og betra en maður

hefur sjálfur. Við pabbi hennar vorum bæði frekar léleg í stærðfræði en henni gekk þrýðilega svo okkur fannst gaman að reyna að byggja eitthvað á því. Ég hugsa að Vigdís hafi borið þess merki, í það minnsta á meðan hún var í skóla, að ég var námsráðgjafi. Finnst þér það ekki Vigdís?“

„Sérstaklega í barnaskóla og gagnfræðaskóla,“ segir Vigdís og glottir út í annað. „Hún hjálpaði mér mikið við að tileinka mér ýmsa námstækni, sérstaklega hvað varðar utanbókarlærdóminn sem íslenskt skólakerfi byggir mikið á. Hún lét mig útbúa spjöld þar sem spurning var öðru megin og svarið hinu megin og svo sat hún tímunum saman og hlýddi mér yfir.“

„Þetta kom sér bara ágætlega, vina mín.“

„Já, líklega kom þetta sér mjög vel“, segir Vigdís og hlær. „En mamma var mjög ópolinmóður kennari. Það fór allt í háloft þegar hún var að hlýða mér yfir.“

„Maður getur verið þolinmóður í starfinu en á heimavelli gilda aðrar reglur,“ útskýrir Ragna.

Spennandi tímar framundan

„Fyrst fór ég í söngnám í tónlistarskóla FÍH og síðar í Söngskólann og stundaði píanónám samhliða því, en ég lærði á píanó frá átta ára aldri. Í menntaskóla sat ég

einn vetur í stjórn Herranætur en einbeitti mér mest að tónlistinni því annað hefði verið of mikið. Eftir menntaskóla tók svo leiklistin nánast alfarið við. Eftir að ég útskrifaðist úr leiklistardeild LHÍ, árið 2002, hef ég starfað mest í Þjóðleikhúsinu en ég hef líka unnið aðeins með Leikfélagi Akureyrar og Hafnarfjarðarleikhúsinu. Fyrir tveimur árum fór ég til Glasgow og lærði við konunglegu skosku leiklistar- og tónlistarakademiuna og stundaði svona „intensíft“ eins árs mastersnám. Það var mjög skemmtilegt og krefjandi en í námínu var áherslan lögð á dans og söng. Ég hafði engan dansbakgrunn þannig að sporin urðu oft æði skrautleg. Nú er ég komin aftur í Þjóðleikhúsið og er að fara að leika Lafði Makbed í Makbed sem verður frumsýnt í lok september á Smíðaverkstæðinu. Sýningin verður tilraunaverkefni, byggt á nýrri leikgerð eftir þá Stefán Hall Stefánsson og Tobias Munthe, og unnin í þéttri samvinnu hópsins. Sem stendur leik ég í söngleiknum Ástin er diskó, lífið er þönk og tek svo seinna í vetur þátt í jólasýningu Þjóðleikhússins, Sumarljós og svo kemur nóttin, eftir Jón Kalman Stefánsson. Það er nóg að gera og spennandi vetur framundan.“



Á SKRIFSTOFU NÁMSRÁÐGJAFAR Á HÁSKÓLATORGI
Pegar Vigdís var í grunn- og gagnfræðaskóla var Ragna dugleg að kenna henni alls konar námstækni, m.a. að læra utanbókar, sem nýtist henni eflaust við að læra texta fyrir leikhúsið.

**40
ÁRA!**



**2008
1968**

Dagana
28. ágúst til 5.
september verða Nýnemavika
og Stúdentadagar í HÍ. Mikil dagskrá
verður á háskólasvæðinu og mest um að vera
á Háskólatorginu. Í boði verða kynningar og
fyrirlestrar, kynnisferðir um háskólasvæðið, íþróttamót,
spurningakeppni og margt fleira. FS tekur að sjálfsgöðu þátt
í fjörunu og í tilefni af 40 ára afmælinu munu FS og Kaupþing
bjóða stúdentum á tvenna tónleika á Háskólatorgi. Fyrri
tónleikarnir fara fram í hádeginu miðvikudaginn 3. september og
þeir seinni kl. 16 – 18 fimmtudaginn 4. september, en þá verður
einnig „Happy hour“ á Hámubarnum. Kaffibarþjónar frá Te
og kaffi verða á staðnum um miðjan daginn báða dagana og
bjóða upp á kaffi og aldrei að vita nema boðið verði upp á
afmælistöku með kaffinu!

FS er einstakt sinnar tegundar á Íslandi, til
hamingju með stórafmælið stúdentar!

HVAÐ ER FS?

Félagsstofnun stúdentar er þjónustufyrirtæki í eigu stúdentar við HÍ. Hlutverk FS er fyrst og fremst að þjónusta háskólastúdentar meðan á námi stendur. Þjónustan er margs konar og felur meðal annars í sér að bjóða stúdentum upp á námsbækur, húsnæði, leikskólavistun, veitingar og að miðla kröftum stúdentar til atvinnulífsins. FS styrkir Stúdentaráð og deildarfélögin með útgáfustyrkjum eða á annan hátt.

Félagsstofnun stúdentar er sjálfseignarstofnun og var stofnuð með lögum nr. 33 árið 1968 og tók formlega til starfa 1. júní sama ár. Er FS því 40 ára á árinu. Allir skrásettir stúdentar við Háskóla Íslands eiga aðild að stofnuninni sem og Háskólinn og menntamálaráðuneytið. Stjórn FS er skipuð fulltrúum þeirra. Þrjú fulltrúar eru tilnefndir af stúdentum, og er einn þeirra formaður stjórnarinnar, einn fulltrúi er skipaður af Háskólanum og einn af menntamálaráðuneytinu. Stofnunin er sjálfseignarstofnun með sjálfstæða fjárhagsábyrgð.

Starfsmenn eru um 120.

Nú, árið 2008, rekur FS:
Bóksölu stúdentar
Kaffistofur stúdentar
Leikskóla stúdentar
Stúdentagarða
Stúdentamiðlun
Hámu

Höfuðstöðvar FS eru í Háskólatorginu.

Stiklað á stóru í sögu FS

- 1968:** Félagsstofnun stúdenta tekur til starfa og tekur við rekstri Gamla garðs og Nýja garðs, Kaffistofu stúdenta í Aðalbyggingunni, Bóksölu stúdenta, barnaheimilisins Efrihlíðar og Ferðapjónustu stúdenta.
- 1971:** Stúdentaheimilið við Hringbraut opnað. Kaffistofan í Árnagarði opnuð.
- 1972:** Matsala stúdenta hefur starfsemi. Háskólafjölritun hefur starfsemi.
- 1973:** Barnaheimilið Valhöll opnað. Kaffistofan í Lögbergi opnuð.
- 1975:** Studentakjallarinn tekur til starfa.
- 1976:** Hjónagarðar teknir í notkun, alls 55 íbúðir.
- 1980:** Ferðaskrifstofa stúdenta hefur starfsemi.
- 1985:** Kaffistofan í Odda opnuð.
- 1986:** Kaffistofan í Eirbergi opnuð.
- 1989:** Vetrargarður fullbúinn, 90 íbúðir.
- 1993:** Fyrsti áfangi Ásgarða tilbúinn, 27 íbúðir.
- 1994:** Næsti áfangi Ásgarða tilbúinn, 38 íbúðir.
- 1995:** 21 íbúð bættist við á Ásgörðum. Nýi garður seldur HÍ. FS opnar leikskólann Sólgarð.
- 1996:** FS opnar leikskólann Mánagarð. 17 íbúðir bættast við á Ásgörðum. Starfsaðstoð hafin í samvinnu við Hagvang.
- 1997:** Enn einn áfangi á Ásgörðum tilbúinn, 44 íbúðir.
- 1998:** Atvinnumiðstöð stúdenta hefur starfsemi. Fyrri áfangi Skerjagarðs tekinn í notkun, 41 íbúð.
- 1999:** Seinni áfangi Skerjagarðs kemst í gagnid, 38 íbúðir. Ferðaskrifstofa stúdenta seld Samvinnuferðum-Landsýn.
- 2000:** 44 nýjar íbúðir á Ásgörðum teknar í gagnid.
- 2001:** Veitingastaðurinn Deli opnar útibú í Stúdentaheimilinu við Hringbraut.
- 2001:** Námsráðgjöf Háskóla Íslands flytur í Stúdentaheimilið við Hringbraut.
- 2001:** FS opnar nýja kaffistofu í Læknagarði.
- 2001:** Sólgarður stækkar við sig og dagvistunarrýmum fjölga.
- 2001:** Bóksalan setur alla starfsemi sína á vefinn.
- 2002:** Efrihlíð verður einn af Leikskólum FS.
- 2002:** Fyrsti áfangi stóra hússins í Ásgarðahverfinu tilbúinn, 30 íbúðir.
- 2002:** Sólgarður stækkaður.
- 2003:** Síðasta húsið í Ásgarðahverfinu tilbúid, 94 íbúðir.
- 2003:** 10 – 11 verslun opnuð í Ásgarðahverfinu.
- 2003:** Kaffi Náttúra opnað í Náttúrufræðahúsi.
- 2005:** Atvinnumiðstöð stúdenta og húsnæðis-, kennslu- og barnagæslumiðlun SHÍ sameinast í Studentamiðlun sem FS rekur.
- 2005:** Byggingarframkvæmdir við Studentagarða við Lindargötu hefjast.
- 2006:** Leikskólinn Efrihlíð flytur á Leikgarð og sameinast skólanum og FS tekur við rekstrinum.
- 2006:** Byggingarframkvæmdir við Háskólatorg hefjast.
- 2006:** Skuggagarðar við Lindargötu teknir í notkun.
- 2007:** Öll starfsemi Félagsstofnunar stúdenta flytur úr Stúdentaheimilinu í nýtt Háskólatorg.
- 2007:** Háma opnar í Háskólatorgi.
- 2008:** Framkvæmdir hefjast við nýja studentagarða við Skógarveg.

Stjórnarformenn FS

- 1968-1972** Þorvaldur Búason, eðlisfræðingur
- 1972-1974** Björn Bjarnason, lögfræðingur
- 1974-1976** Þröstur Ólafsson, hagfræðingur
- 1976-1978** Þorsteinn Vilhjálmsson, eðlisfræðingur
- 1978-1980** Ásgeir Danielsson, hagfræðingur
- 1980-1981** Ragnar Árnason, hagfræðingur
- 1981-1983** Pétur J. Eiríksson, hagfræðingur
- 1983-1984** Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur
- 1984-1986** Finnur Ingólfsson, viðskiptafræðingur
- 1986-1988** Óskar Magnússon, lögfræðingur
- 1988-1989** Halldór Birgisson, lögfræðingur
- 1989-1990** Arnar Þórisson, lögfræðingur
- 1990-1992** Benedikt Bogason, lögfræðingur
- 1992-1993** Finnur Sveinsson, viðskiptafræðingur
- 1993-2001** Guðjón Ólafur Jónsson, lögfræðingur
- 2001-2002** Haraldur Guðni Eiðsson, BA í heimspeki
- 2002-2005** Andri Óttarsson, lögfræðingur
- 2005-2007** Þórlindur Kjartansson, BA í hagfræði
- 2007-** Haukur Agnarsson, BA í mannfræði

Framkvæmdastjórnar FS

- 1968-1973** Þorvarður Örnólfsson, lögfræðingur
- 1973-1976** Ingólfur Hjartarson, lögfræðingur
- 1976-1978** Jóhann G. Scheving, viðskiptafræðingur
- 1978-1981** Skúli Thoroddsen, lögfræðingur
- 1981-1984** Sigurður Skagfjörð, viðskiptafræðingur
- 1984-1986** Ársæll Harðarson, viðskiptafræðingur
- 1986-1990** Eiríkur Ingólfsson, viðskiptafræðingur
- 1990-1993** Arnar Þórisson, viðskiptafræðingur
- 1993-1999** Bernhard A. Petersen, viðskiptafræðingur
- 1999-** Guðrún Björnsdóttir, viðskiptafræðingur

FRÉTT & SPURT

STÚDENTINN

Helgi Már Magnússon

UMHVERFISVÆNN!

Helgi hefur endanlega lagt einkabílnum og ekur um götur Reykjavíkur á ítalskri vespu sem hann segir að sé sparneytin og umhverfisvæn.



Helgi Már Magnússon (25) er lykilmaður í íslenska landsliðinu í körfuknattleik og meistaranemi í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum við Háskóla Íslands. Hann er fluttur í Vesturbæinn þar sem hann leikur með úrvalsdeildarliði KR í körfubolta en áður var hann atvinnumaður með svissneska liðinu Boncourt. Helgi hefur lengi verið áhugamaður um matjurtarækt og finnst fátt betra en að hlúa að plöntunum sínum. „Ég sæki sérstaklega mikið í matjurtargarðinn minn þegar álagið í skólanum og körfunni er að sliga mig,“ segir hann. „Ég veit fátt betra en að fara út í garð og rækta minn innri mann. Þangað fer ég hvernig sem viðrar og finn að íslenska veðráttan herðir mig jafnt sem plönturnar. Ég verð að setja grænmetið í fyrsta sæti, því sú hugarró sem matjurtaræktin veitir mér, er undirstaðan í tilverunni.“

Nafn: Helgi Már Magnússon

Fæðingarár: 1982

Stjörnumerki: Meyja

Menntun: Meistaraneми í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum við HÍ

Maki: Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu

Uppáhaldsmatur: Grænmetislasagna í Hámu

Uppáhaldskaffihús: Háma

Uppáhaldsverslun: Bóksala stúdenta

Áhugamál: Matjurtarækt, körfubolti, skóli